„Max Weber segir, að stjórnál séu „viðleitni til að eiga hlut í völdum eða til að hafa áhrif á skiptingu valda“ og sá, sem stundi stjórnál, seilist eftir völdum. Ólafur Thors hefði getað tekið undir þetta. Hann óskaði eftir völdum til að geta notað þau í framfarasókn þjóðarinnar. Hann vildi bæta hag folksins og efla íslenzkt samfélag undir forstu sinni og flokks síns. Hann var stórhuga, átti sér ungar miklar hugsjónir og hofði ávallt fram, en ekki aftur. Hann vildi vera stafnbúi í baráttunni fyrir sjálfstæði Íslands, ekki sízt efnahagslegu sjálfstæði. Faðir hans hafði haft forstu um stóriðju á vettvangi útgerðar, og á nýsköpunarárunum var þessi stóriðja efl til muna. Áður en Viðreisnarstjórnin var mynduð hvatti Ólafur Thors til þess í ræðu, að aftur yrði hafizt handa um nýsköpun atvinnuveganna. Viðreisnarstjórnin lagði síðar áherlu á stóriðju og virkjun orkuvera. Ólafur Thors vissi, að án valda yrði hvorki hafizt handa um nýsköpun né viðreisn. Af þeim sökum ekki sízt fékk hann áhuga á stjórnálum. Hann kom einatt niður í þing, löngu áður en hann tók þar sæti. Hann settist þá í ráðherraþerberginu svo nefnda og hlustaði á umræður. „Það vakti athygli og þótti óvenjulegt,“ segir Torfi Hjartarson.

Sumir vilja ná völdum valdanna vegna, segir Weber, aðrir vegna hugsjóna eða „sem tæki til að ná öðrum markmiðum“. Hygg ég, að Ólafur Thors hafi verið í síðar nefndu flokknum. Embættaveitingar og margt það, sem völdum fylgir nú á dögum, var honum ekkert keppikefli í sjálfu sér, heldur þau tekifæri til framfara og atvinnuþryggjigar, sem völdum fylgja. Völdin voru því aðeins eftirsóknarverð, að þau væru tæki í framfarasókn þjóðarinnar, eins og verið hafði á fyrstu árum heimaþjórnar.

Max Weber talar um náðarforstu, „vald hins innblásna leiðtoga, sem nýtur sérstakrar náðargáfu“ og hrifur menn með innblæstri sínum. Ég hygg, að Ólafur Thors hafi ekki sízt sott vald sitt í þennan þátt persónu sinnar, og hann leit að stjórnál sem verkefni í lífinu, ef við höldum okkur við skilgreiningar Webers. Menn viðurkenndu persónulega köllun hans til mannaforráða, þ.e. flokksforystu hans. Hann víkur að þessu sjálfur oftar en einu sinni í bréfum sínum, og hafa verið tekin dæmi þess. Formannsstaða hans var aldrei í neinni hættu. Hann var ótvíræður flokksfóringi, þangað til hann tók sjálfur af skarði og sagði af sér. Allir vissu, að hann lífði fyrir stjórnál, en ekki á þeim. Hann fékk samúð eldheitra stjórnálaandstæðinga, þegar hann sagðist vera skuldugasti maður landsins, og talaði Einar Olgeirsson t.d. um það, þegar ég minntist á Ólaf Thors við hann haustið 1980.

Stefnumark Ólafur Thors var sá málstaður, sem hann barðist fyrir. Og fullyrða má, eins og unnt er að lesa út úr þessu riti, að svofeld orð Webers áttu við um Ólaf: „Hylli fylgjenda hans, lærisveina, leiðangursmannar eða „hans manna“ í stjórnálaflokknum, er hylli við persónu hans og hæfileika“ (123. bls.). Flokksmönnum þótti vænt um hann. Í augum flestra þeirra var hann náðarforingi...

Ur ævisögu Ólafur Thors
eftir Matthias Johannessen.

framkomu. Og ekki minnist ég bess á mínu heimili, að virðing fyrir honum hafi minnkað við að rödd hans og skoðanir hafi svo að segja daglega borist inn á heimilið, að vísu mest í gegnum síma í þau ár er eiginmaður minn var framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokkins. Viðbrögð barnanna voru gjarnan eftir að hafa svarað í símann: „Það er skemmtilegi maðurinn með skýrtna hárið.“ Framkoma hans var ávallt hin sama og á fundinum á Snæfellsnesi, þrátt fyrir annir skyldi tekið eftir börnumunum og þeim sýndur áhugi og virðing.

Ólafur Thors var áberandi í íslensku þjóðlifi og þekktur maður vegna stóðu sinnar og persónuleika, en í raun reyndi hann að komast undan veislum og samkvæmisliði og öll sýndarmennska var honum viðs fjarri. Hann var sívinnandi, ekki á flokksskrifstofu frá níu til fimm, heldur vann hann mest heima hjá sér. Hann kallaði til sín fólk og vann mikið í gegnum síma. Ólafur var nánast hrингjandi á öllum tímum sólarhringsins til að leggja linur í flokksstarfinu og til að fylgia málum eftir. Það gat orðið að hvass tónn í símanum, ef málum var ekki komið í það horf er hann hafði óskað. En Ólafur hafði þá reglu sem einnig er sögð undirstaða að góðu hjónabandi; þótt deilt sé að degi, skal aldrei leggjast ósáttur til svefn. Engan mann hef ég þekkt, sem átti eins auðvelt með að biðja um fyrirgefningu og sættir, eins og Ólaf Thors.

Ólafur Thors var mikill jafnréttissinni, taldi að konur aettu að taka meiri þátt í stjórnálum og mótu þjóðfélagsins. Hann var því mikill hvatamaður að stofnun félaga sjálfstæðiskvenna, því bar gæfist konum kostur að kynna starfsemi flokksins og gætu styrkt sjálfsmýnd sína til frekari þátttöku í stjórnálum. Sjálfssagt hefur þar mestu ráðið hans meðfædda réttlætiskennd. Það hefur hins vegar ekki spilt fyrir álti hans á konum, hversu mjög hann dáiði og virti eiginkonu sína, Ingibjörgu. Hún var honum hollur ráðgjafi sem aldrei haggaðist. Ingibjörg var mikill unndandi lista og menningar og var viðlesin. Hún var yfirveguð og varðist að taka afstöðu fyrir en hún var búin að vega og meta mál frá öllum hliðum. Í stormi og misvindasömu veðri stjórnálannan er geisuðu kringum Ólaf hefur slíkur lífsförurnautur og hollvinur sem Ingibjörg, verið honum stór þáttur í mikilsvirtu ævistarfi.

Þótt öldinni sé ekki lokið fer ekki hjá því að telja Ólaf Thors eina meista stjórnálaman Íslands á þessari óld. Hann var formaður stærst stjórnálaflokks landsins á mesta breytinga- og framfaraskedi bess. Hjá honum fóru saman varfærni, viska og mikil réttlætiskennd. Hann vildi byggja upp þjóðfélag frjálsra einstaklinga og hvetja þá til orða og athafna. Fyrir það er þjóðin honum þakkat. Persónulega þakka ég forsóninni fyrir þá giftu, að hafa átt eitt lítið spor í samtíðinni með Ingibjörgu og Ólaf Thors.

Ingibjörg Magnúsdóttir

ÞEGAR MINNST er Ólafs Thors, fyrrum formanns Sjálfstæðisflokkins og forsætisráðherra, hrókkva fá orð skammt. Slík voru áhrif hans á sögu lands og lýðs.

Hann gerðist þingmaður árið 1926 og var óslituð einn tilþrifamesti leiðtoginn á Alþingi unz yfir

lauk 31. desember 1964.

Það verður hlutskipti hans að mynda fimm sinnum ráðuneyti og bera þunga stjórnarforustu við misjafnar aðstæður. Hann sinnir af áhuga og einurð hinum margvíslegustu málum. Á stjórnálalaferli hans ber hæst: Þátt hans í stofnun fullveldis á Íslandi 1944, raunse ã forstu í utanrikismálum, sem aldrei brást, og langa og stranga baráttu með öðrum góðum mönnum, fyrir að tryggja okkur Íslendingum réttinn yfir fiskimálum umhverfislisti.

En Ólafur Thors var ekki ein-

Ég, ungur maður að norðan, átti því láni að fagna að njóta velvildar og gestrisni þeirra hjóna eins og svo margir aðrir. Að spjalla við Ólaf á skrifstofu hans í góðu tómi var laerdómsríkur skóli. Þá bar oft margt á góma. Hann var svo skemmtilegur og hnyttinn í svörum og tímum flaug áfram. Þrátt fyrir glettnina duldist engum, að alvaran bjó undir.

Ólafur vildi hafa náið samband við þingmenn. Eitt sinn kom ég suður án bess að gera vart við mig. Er norður var komið símaði Ólafur og sagði að ég hefði þó getað látið

19. janúar, árið 1892 í Borgarnesi, en andaðist í Reykjavík 31. desember 1964. Ólafur Thors var einn svipmesti stjórnálaleiðtogi okkar Íslendinga í áratugi.

Faðir hans, Thor Jensen, var einn af mestu framkvæmda- og athafnamönnum þjóðarinnar, bæði á svíði sjávarútvegs og landbúnaðar. Ólafur kynntist því snemma atvinnumálum og framþróun þeirra. Hann lærði fljótt að þekkja lífsbaráttu fjöldans í þessu landi og sá, eins og faðir hans, að það var fyrst og fremst traust atvinnulíf og framþróun þess sem tryggði lífsafkomu

Sjálfstæðisflokkins höfðu jafnað armannaflokkar á hinum Norðurlöndunum aukið mjög fylgi sitt og voru sterkustu flokkar hver í sinu landi. Ólafi var það ljóst að ekkert var Sjálfstæðisflokknum meira virði en að hann væri samtök breiðrar fylkingar sem hefði einstaklingshyggjuna að leiðarljósi, en tæki þó fullt tillit til allra stéttu og legði grundvöllinn að því að skapa betra og réttlátara líf fyrir allar stéttir þjóðfélagsins. Þess vegna varð Sjálfstæðisflokkurinn þá, og síðar, það stjórnálalafl sem fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins gat stutt og



Þingflokkur sjálfstæðismanna haustið 1959.

göngu formaður Sjálfstæðisflokkins og brautryðjandi mikilla mála. Hann var fyrst og fremst málsvari fólkins í landinu. Fáir höfðu betri skilning en hann á erfiðleikum og raunum náungangs. Til þess að jafna metin yrði umhyggjan og skyndsemi að ráða ferdinni. Lög og ströng lífreynzla hafði kennt honum, að óskhyggjan ein næði skammt, er á reyndi og á móti blési.

Frá því er Ólafur Thors tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum og til loka var hann ókrýndur leiðtogi stuðningsmanna flokksins og áhrifa hans gætti langt út fyrir flokksmörkin. Hann athugaði gaumgæfilega skoðanir annarra og virti og fór ekki í manngreiningarálit. Akvarðanir hans voru rökstuddar og ótvíraðar.

Náið kynni míni af Ólafi Thors höfðu haustið 1949, er ég fór í framboð fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri. Kosningahofur voru tví-sýnar og Ólafur kom norður flokksmónnum til halds og trausta. Ég minnist þess, að Ólafur hvorki latti mig né hvatti til þess að takast þennan vanda á hendur. Sjálfur vissi hann, að þingmennskan væri ekki einhlítur dans á rósum. Ég hlyti að mestu að hverfa frá lögfræðistörfum mínum á Akureyri og framtíðin því í nokkurri óvissu. Ég fann þó strax hlýhug hans í minn garð. Áður hafði ég nokkuð kynnt honum, er ég gegndi stórfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn á Norður- og Austurlandi.

Eftir að ég kom á þing var mér jafnan tekið opnum örnum á heimili Ólafs og frú Ingibjargar í Garðastræti. Ingibjörg var einstök kona og öllum ógleymanleg, er henni kynntust. Hún var manni sínum allt í öllu, óbifanleg stoð og stytta.

Jónas G. Rafnar

ÖLD ER liðin frá fæðingu Ólafs Thors. Hann fæddist þennan dag,

i mér heyra án þess að tefja hann með heimsókn. Rétt er að hafa það í huga, að þá var öðruvísi en nú að tala á milli landshluta og sveita.

Að vinna með Ólafi Thors var öllum laerdómsríkt, flokksmónnum sem andstæðingum. Hann var hreinskortinn og gat verið hvassytur. Fáir hafa sagt mér eins rækilega til syndanna, er þeim mislíkadi. En hann var fljótur að jafna ágreining og koma málum til betri vegar.

Það var ekki ætlið auðvelt að sannfæra og að fá samþykki Ólafs Thors. Í aðeinsögu hans eftir Matthías Johannessen er á blaðsíðu 387 í síðara bindi frásögn míni um það með hvaða hætti hann, ásamt öðrum, hrundu því áleiðis, að Útgerðarfélag Akureyringa hf. fengi fjármagn til þess að reisa hraðfrystihús. Að mínu mati lýsir sú saga mjög vel vinnubrögðum Ólafs. Hann vildi fara að öllu með gát. Þegar hann hafði tekið ákvörðun stóð ekki á framkvæmdum.

Ólafur Thors er einn þeirra manna, sem ekki gleymast þeim, er honum kynntust. Ég minnist hans sem hins trausta foringja og umhyggja hans fyrir hag annarra er mér hugstæð.

Nú, er liðin eru 100 ár frá fæðingu Ólafs Thors, þókkum ég og kona míni gömlu og góðu kynnin og óskum að tættingum hans gæfu og gengis. Við minnumst og konu hans, frú Ingibjargar, með þókk og virðingu.



Rætt við erlendan fréttamann.

bessarar þjóðar.

Ungur að árum hóf hann afskipti af stjórnálum. Hann var kjóinn á þing fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu árið 1926 og var þingmaður þess kjörðæmis til ársins 1959, en eftir kjörðæmabreytinguna það ár, varð hann þingmaður Reyknesinga til ársins 1964. Hann varð formaður Sjálfstæðisflokkins við fráfall Jóns Þorlákssonar árið 1935 og var það óslitið til ársins 1961 að hann baðst undan endurkosningu og við formennsku tók þá varaformaður flokksins og náið.

Starfað innan hans vélbanda. Flokkurinn hélt ávalt velli sem stærsti flokkur þjóðarinnar og áhrif hans jukust frá ári til árs. En vegna mjög óréttlárar kjördæmiskipunar höfðu aðrir flokkar stjórn landsins lengi vel eftir að Ólafur tók við formennsku í Sjálfstæðisflokknum og var Sjálfstæðisflokkurinn jafnan í stjórnarandstöðu þegar undan er skilin stjórn sem Sjálfstæðisflokkurinn tók þátt í 1932.

En svo var komið málum í íslensku þjóðfélagi að andstæðingarnir töldu að ekki væri lengur hægt að stjórnar þjóðfélagsins nema með aðild Sjálfstæðisflokkins og þá varð það úr að Sjálfstæðisflokkurinn gekk til stjórnarsamstarfs við Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins í aprílmánuði 1939. Ólafur

varð þá í annað skipti ráðherra og fór með atvinnumálum. Í fimm skipti varð hann forsætisráðherra Íslands en oft gegndi hann einnig embætti atvinnumálaráðherra og um hríð utanríkisráðherra.

Það sögðu mér þingmenn sem sátu með Ólafi Thors á þingi, að bæði áður og eftir að hann varð formaður Sjálfstæðisflokkssins hafi oft orðið einhverjar þær hörðustu og illvígustu deilur sem verið hafa í stjórninum Íslendinga og sérstaklega var talið óvenju stormasamt þing á árinu 1934. Í þeim stórvíðrum öllum sýndi Ólafur mjög vel að hann var rökvis, afþurða mælskur, hafði mikla þekkingu á atvinnumálum þjóðarinnar og þjóðarhag, og bar fram nýjar hugmyndir um upphyringingu þjóðfélagsins. Því fél málflutningur hans mjög vel alþýðu manna í skap. Hann háði marga hildi í stjórninum, en

slíka stjórn. Framsóknarflokkurinn hikaði, bjóst við því fram til síðustu stundar, að formaður Sjálfstæðisflokkssins þyrdi ekki að mynda stjórn með kommúnistum. Því varð Fransóknarflokkurinn utan þessarar stjórnar. Nýsköpunarstjórnin var djörf til verka. Hún var af sumum talin of djörf, ganga of langt. Hún var framsfarastjórn sem fór vel af stað. Hins vegar var Ólafur Thors þeirrar gerðar að hann taldi að ráðherrar ættu hver um sig að fara með sitt verksvið, en aðrir ráðherrar ættu ekki að stjórnema sínu eigin ráðuneyti. Þetta olli mónnum miklu áhyggjum sérstaklega vegna þess að einn mesti bolsévíki landsins var gerður að menntamálaráðherra og það ásamt fleiru gerði Ólafi mjög erfitt fyrir í sínum flokki. Þegar við lítum til baka þá getum við, sem teljum að frjálslyndi eigi

því ekki farið á annan veg en að leiðir skildu. Átök urðu mikil f utanríkismálum næstu árin.

Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson mótuðu fyrst og fremst, fremur en nokkrir aðrir, utanríkistefnu þessarar þjóðar. Sú stefna hefur að mestu leyti verið sú sama öll þessi ár. Þegar oft hugsað til þess síðar hvað það hljóti að hafa verið þungt fyrir formann Sjálfstæðisflokkssins þegar fjöldungur þingmanna flokkssins treysti sér ekki til að standa að myndun þessarar ríkisstjórnar hans. Sumir sögðu þá að hann ætti að reka þá úr flokknunum sem ekki vildu standa með honum en hann var þessi stóri, gáfaði maður, sem vissi það að ein ríkisstjórn kom og fór, en flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn heldi áfram að vera til, starfa, taka nýjar ákvæðanir og fyrir öllu væri að halda honum saman. Hann átti

eru sögusagnir sem ekki áttu við rök að styðjast, að örðu leytin en því, að Ólafur var fyrst og fremst Íslendingur sem bar fram óskir og kröfur sinnar þjóðar, en það þyddi ekki það að hann væri fandstöðu við þær. Forystumónnum lítila þjóða er lífsnauðsynlegt að vera djarfir og ákvæðir í öllum samskipum við stærri og voldugri þjóðir.

Baráttan í landhelgismálina hefur verið lög og hörð. Sumir menn hafa á seinni árum túlkad alla málsméðferð sinum flokkum til lofs og dýrðar. Í þessu greinarkorni ætlaði ég ekki að ræða þetta mikilvæga mál. Þó vil ég segja að lokaáfangi landhelgismálsins, útfærslan í 200 sjómliflur, var fyrst og fremst unnninn undir forystu Sjálfstæðisflokkssins í góðri samvinnu við Fransóknarflokkinn og sérstaklega við utanríkisráðherra, sem var úr þeim flokki á þessum árum. Í öllum þessum skrifum hefur ekki komið fram sem skyldi, það mikla framlag sem Geir Hallgrímsson, sem þá var forsætisráðherra, lagði fram til lausnar landhelgismálina, sem endaði með sigri okkar Íslendinga og viðurkenningu annarra þjóða á 200 sjómlína fiskveiðilögsögu. Hann var sá maður sem sýndi stillingu og þekkingu hvað sem á gekk. Sýndi á öllum stigum málsins heiðarleika sinni eigin þjóð og einnig viðsemjendum. Mér mun seint úr minni falla öll hans franganga.

Ég fór ungur að árum að hafa afskipti af stjórninum. Byrjaði barn að aldri að skipta mér að bæjarpólítíkinni í heimabæ mínum, varð síðar bæjarfulltrúi, þurfti þá oft að leita suður til ráðamanna og þá ekki síst til manns eins og Ólafs Thors. Einhvær veginn fór það svo að hann tók mér vel og stundum átti ég það til að láta hann heyrar það að mér líkaði ekki við þá þarna syðra, maður var harður baráttumaður fyrir bæjarfélög sitt og nágrenni og eftir því sem ég reif meiri kjaft fann ég að Ólafur tók mér betur. Það náiðist einhvær veginn got samband og það samband hélt á meðan hann lifði. Ég átti skamma hrið sæti á Alþingi með honum, en þó í nokkra mánuði. Við vorum góðir kunningar, hann tók mér mjög vel, sem ungum manni, sagði mér margar hluti, sem ég hafði gaman af og líka mikil gagn af. Ég átti þá sérstaklega góðan vin í Sjálfstæðisflokknum, sem ég mat meira en flesta ef ekki alla, það var Birgir Kjaran hagfræðingur, sem var mikill vinur Ólafs. Við áttum, einstaka sinnum, saman ánægjulegar stundir. Þær stundir voru mér mikils virði og ógleymanlegar.

Eins að líkum lætur þá voru þessi kynni nokkuð lög áður en ég kom á þing. Þegar Matthías Johannessen var að skrifa bók um Ólaf Thors spurði hann mig einhvær timann að því hvort það væri ekki eitthvað sem hefði farið skemmtilegt á milli, sem hann gæti notað í bókina, og mér varð það að segja honum frá einu atviki. Það var á þá leið að Ólafur kom til Ísafjörðar fyrir aukakosningar þar á árinu 1952 til að halda fund til trausta frambjöldendum okkar í þeim kosningum. Það hafði verið auglýstur fundur í húsi okkar sjálfstæðismanna um kvöldið en flugvélinni seinkröði, eins og þá kom oft fyrir. Við fórum tvær að sækja hann út í Katalínaflugbát sem leni á Pollinum en þá var komið að fundartíma svo við fórum beint í fundarhúsið, Sjálfstæðishúsið, þar var fullt hús og Ólafur gekk inn og heilsaði og gekk til sætis síns. Ég sat við hliðina á honum, var fundarstjóri,



Med norrænum forsætisráðherrum, f.v. Ahli Karjalainen, Finnlandi, Ólafur Thors, Jóns Óttó Krag, Danmark, og Tage Erlander, Svíþjóð.

ég held að mesta áhættu hafi hann tekið þegar hann gerðist svo djarfur að mynda hina svökulluðu nýsköpunarstjórn, sem skiptu var 21. október 1944, en fikk lausn 10. október 1946, en var þó falið að gegna áfram störfum þar til myndað var nýtt ráðuneyti 4. febrúar 1947.

Að þessari stjórn stóðu auk Sjálfstæðisflokkssins Alþýðuflokkurinn og Sósíalistaflokkurinn, sameiningarflokkur alþýðu, sem þá voru allmennt kallaðir kommúnistar. Þessi stjórnarmyndun ólli miklu delum, einkum í Sjálfstæðisflokknum, sem það hafði tuttugu þingmenn, en það voru ekki nema fimmtíðan þingmenn í flokknum sem tóku þátt í myndun þessarar ríkisstjórnar formannsins. Fimm þingmenn neituðu að styðja stjórnina vegna þátttöku kommúnista. En Ólafur létt ekkerkt á sig fá, hann var hess minnugur að Alþingi hafði ekki getað staðið við sína skyldu að mynda þingræðistjórn tveimur árum áður og forseti Íslands skipaði þá utanþingsstjórn. Utanþingsstjórn var honum og fleirum sem unnu þingræði þyrnir í augum. Þess vegna gekk hann djarfur til þessa leiks að mynda

að vera í fyrirrúmi, sagt að Ólafi hafi vel tekist. Hann lagði grundvöll með starfi þessarar stjórnar að nýrrí löggið um almannatryggingar, sem færði þeim sem minnst mega sín, aukin réttindi og áhrif í þjóðfélaginu. Réttindi sem þeir hafa haldið æ síðar og sem á engan hátt má skerða.

Það var stórt skref stigið að afnema fátaekraframfærsluna og skipa málum í tryggingakerfi eins og þá var gert. Það sýndi Ólafur Thors, formaður Sjálfstæðisflokkssins, að hann var viðsýna umbótaður sem létt hag þjóðarinnar sitja í fyrirrúmi, ákvæðinn í því að halda áfram félagslegri uppbyggingu. En þau urðu örlog þessarar ríkisstjórnar að ágreiningurinn í utanríkismálum varð henni að falli. Sá ágreiningur kom oft upp á þessum árum. Annars vegar voru menn eins og Ólafur Thors sem vildu náið samstarf og samvinnu við lýðræðispjóðir heimsins þar sem Bandaríkin voru í forystu, en hins vegar voru það menn sem eltu Sovétríkin í hverju máli, menn sem trúðu því að kommúnisminn væri sú stefna sem við ættum að innleiða. Það gat

en áður en lengra er haldið má ég bæta í frásögnina að árið 1937 var fundur á Ísafirði þar sem Ólafur var mættur. Þá réðu krataarnir öllu í bænum og þeir ákváðu að gera karli granti í geði og var gömlum, góðum, fylgispókum krata fengið það verkefni í hendur að hann átti að standa upp undir ræðu Ólafs og veifa kylfu og segja um leið, að þetta væri kylfan sem hann, Ólafur, hefði látið smíða til að berja á verkalýðnum í Reykjavík. Ólafur er kominn langt í ræðu sinni stundur karl upp og segir: „Petta er kylfan sem þú lést smíða til að berja á verkalýðnum í Reykjavík.“ Það er nokkuð hátt af gólfí upp í senuna í Alþýðuhúsinu og Ólafur beygir sig niður og segir: „Heyrðu, vinur minn, lofaðu mér að sjá þessa kylfu,“ og við svona vinaleg viðbrögð fastast karli blutverkið og rétti Ólafi kylfuna. Ólafur reisir sig upp, horfir á kylfuna, handleikur hana og beygir sig svo niður aftur og réttir karlinum og segir: „Gjörðu svo vel, vinur minn, það verður ekki á ykkur logið, Ísafirðinga, að þið eigið góða iðnaðarmenn,“ og hét siðan ræðu sinni áfram. Þessi maður, sem rétti Ólafi kylfuna, varð sjálfstæðismaður í kringum 1948 og þá var hann orðinn jafn ákvæðinn sjálfstæðismaður og hann hafði áður verið krati og sötti alla fundi hjá okkur sjálfstæðismönnum á Ísafirði. Þegar við komum með Ólaf inn í salinn og ég setti fundinn þetta fallega sumarkvöld árið 1952 byrjaði ég á því að bjóða hann velkominn og hann hóf ræðu sina á þá leið að hann hefði ekki komið alllengi til Ísafjörðar, en þegar hann hefði verið hér næst á undan hefði hann verið á fundi í Alþýðuhúsinu og gamall krati hefði þá staðið upp og rétt sér kylfu og sagt að þetta væri kylfan sem hann hefði látið smíða til að berja á verkalýðnum í Reykjavík. Þá fór nú heldur betur að fara um mig og ég rennsvitnadi. Þar sem ég sat nú næstur ræðupúltinu gat ég klípið í lærð á Ólafi og hann skynjar strax að eitt-hvað er að, beygir sig niður og ég segi: „Ertu vitlaus, maður, þessi karl er orðinn sjálfstæðismaður og hann situr hérna á fremsta bekk.“ Ólafur reisir sig í ræðustólinum og heldur áfram: „En ég man alltaf eftir svipnum á þessum manni, það var svo mikil heiðrikja í svipnum og það var svo hrein svipurinn að ég hugsaði þá þarna, í Alþýðuhúsinu, þessi maður að eftir að verða sjálfstæðismaður og þetta er einn af þeim fáu mónum sem ég þekki hér inni í salnum og situr hér á fremsta bekk.“ Þá stóð gamli maðurinn upp og gekk til Ólafs og þeir tóku gesti innilega í hendur.

Petta litla atvik sýnir hvað maðurinn var fljóttur að átta sig. Hann hefði ekki siglt í gegnum allt það brim og alla þá boða sem hann gerði áfallalaust eða áfallalitið, ef hann hefði ekki verið svona snjall, greindur og lipur. Prátt fyrir hörku í pólitískum orrustum gleymdi hann aldrei að hugsa um og hlúa vel að þeim sem minnimáttar voru, það var hans aðalsmerki.

Þegar maður litur yfir farinn veg finnst manni ótrúlegt að það séu liðin 100 ár frá því Ólafur Thors fæddist, mér finnst hann áltarfstanda ljóslistandi fyrir framan mig, vera hinn trausti, góði og umfram allt einn skemmtilegasti maður sem ég hef fyrirhitt á lífsleidinni. Ef andi hans fær að svifa yfir vötnum trúi ég því að þessi þjóð eigi bjarta framtíði fyrir höndum og hættu verður því tali að allt sé að fara norður og niður. Við skulum trúá a framtíðina, trúá að það góða sem

þetta land og þessi þjóð á. Þá munum við fyrst og fremst viðhalda minningunni, bakkletinu og því trausti sem við bárum alltaf til þessa mikilhæfa foringja okkar og þjóðarleiðtoga.

Matthías Bjarnason

A ÞVÍ leikur enginn vafí að Íslands-sagan mun ævinlega minnast Ólafs Thors, sem eins litrikasta og áhrifa-mesta stjórnálaföringja og þjóðarleiðtoga 20. aldarinnar. Hálfa öldina hafði hann slið áhrif að vart verður vikið að hinum þýðingar-mestu málaflokum í þjóðfélögnum að nafn hans komi þar ekki við sögu.

Ólafur Thors ólst upp á einu umsvifamesta heimili í landinu fyrir og eftir síðustu aldamót. Faðir hans, Thor Jensen, kom ungr frá Danmörku til Íslands. Hann heillaðist af landi og þjóð og ungr stúlkum, Margréti Þorbjörðu Kristjánssdóttur frá Hraunhöfn í Staðarsveit, og það var ekki aftur snuði.

Thor Jensen varð mikill athafna-máður sem hafði mætt þola mótt-blástur sem og meðvind í lífsbarátt-unní. Til liðs við hann og fyrtækum hans, Kveldúlf hf., gengu synir hans og Ólafur varð þar í forystu. Reyndist hann sem framkvænda-stjóri Kveldúlfs hf. mikilhæfur stjórnandi og hafði á þeim tíma forystu í samtökum útvegsmanna. Honum var hinsvegar ljóst af því sem þá gerðist a vettvangi þjóðmála að þarf þurfi sterka forystu til þess að tryggja frelsi einstaklingsins til orðs og athafna og þjóðinni sjálfstæði sitt á nýjan leik.

Því var það að Ólafur Thors gekk til liðs við Jón Þorláksson, forystumann heimastjórnarmanna, og var í framboði á lista með honum í aukakosningum til Alþingis 1921, þá 29 ára gamall. Hann náiði þá ekki kosningu enda í 3ja og neðsta sæti á listanum. Þetta mun hafa verið hörð kosningabaráttu, en Ólafur vakti strax mikla athygli fyrir skóruglegan og snjallan mál-flutning. Ekki skaðaði sérstæður persónuleiki Ólafs þann orðstír sem hann þá fagnar hafði áunnið sér.

Teningnum hafði verið kastað. Fimm árum síðar í aukakosningum í janúar 1926 var Ólafur Thors kjörinn alþingismaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem frá 1959 nefnist Reykjaneskjörðæmi. Gegndi hann þingmennsku unz hann lézt á gamlár dag 1964.

Í kosningunum 1926 bar Ólafur sigurord af andstæðingi sínum, þeim mæta og snjalla stjórnálmanni Haraldi Guðmundssyni. Sigurbjörn Porkelsson, kaupmaður í „Visi“, segir frá þessari kosningabréttu í ævisögu sinni „Himneskt er að lifa“. Hann lýstir sérstaklega kosningafundi í Kjósinni. Málefna-leg baráttu og fimleg, svo og mælska framþjóðenda var lengi í minnum höfð. Sigurbjörn greinir frá glæsilegri framkomu og ræðumennsku Ólafs: „Hann kom, sá og sigraði“ og þetta breyttist ekker-til allt til dauðadags Ólafs, tæplega 40 ár,“ segir Sigurbjörn. Trúi ég að allir sem til pektu sér hinum látna höfðingja, Sigurbirni í „Visi“, sammála.

Ólafur Thors hafði ekki lengi verið innan veggja Alþingis, er hann var kominn í forystusveit þar. Hann var kosinn formaður Sjálfstæðis-flokkurinn 1934 og gegndi for-mennsku til 1961 að hann gaf ekki kost a sér til endurkjörs.

Þegar Sjálfstæðisflokkurinn

samþykkti 1939, skv. tillögu Ólafs Thors, þáttöku í þjóðstjórninni tök hann að sjálfsgöðu sæti í ríkis-stjórninni, en hafði áður setið stuttan tíma 1932 í ríkisstjórn Ásgeirs Ásgeirssonar. Með þáttöku í þjóðstjórninni tökst Ólafur á hendur forystuhlutverk í íslenskum þjóðmálum, sem hann gegndi allt til þess að hann létt af embætti forseti-ráðherra í nóvember 1963. Á þessu tímabili veitti Ólafur forystu fleiri ríkisstjórnunum en nokkur annar stjórnálamaður. Auk þess að gegna embætti forseti-ráðherra i fimm ríkisstjórnunum gegndi hann ráðherraembættum í þrem öðrum ríkisstjórnunum.

Stórkostlegar breytingar hafa orðið að þjóðfélags-háttum okkar Íslendinga á þessari öld. Framfarir á öllum svíðum þjóðlifsins samfara aukinni menntun og félagslegu ör-yggi. Þýðingarmíklar og afdrifaríkar ar ákvæðanir hafa verið teknar varðandi sjálfstæði og ör-yggi lands-ins og auðlegð þess til hagseldar fyrir íslenska þjóð.

Það er á engan hallað þegar stað-hæft er að Ólafur Thors er í hópi þeirra alþingismanna á þessari öld, sem hvad mest áhrif hafa haft á gang þjóðmála.

Þegar Ólafur Thors tók við þingmennsku var þjóðin fátæk og hafði ekki tækifæri til þess að verja miklu fé til þess að auka lífsþaengindi sín. Alls staðar blöstu við verkefni og oft var mikil atvinnuleysi og ör-birgð. Ólafur hafði alist upp við stórhug og góðvirk. Faðir hans hafði mikil umleikis og veitti fjölda fólkats atvinnu. Þegar harðnaði á dalnum hjá fólkum stóð ekki á foreldrum Ólafs að koma til hjálpars. Það veganesti sem Ólafur fékk í heimahúsum entist honum ævilangt og kom sér vel fyrir þann mikla fjölda fólkum sem til hans þurfti að leita.

Þegar litid er til þeirra miklu breytinga sem urðu í kjördæmi Ólafs tala þar staðreynir sínu málum. Alls staðar hafði hann unnið að málum með það sjónarmið að tryggja íbúum kjördæmisins sem besta lífsafskomu. En það voru ekki aðeins hans eigin kjösendur sem nutu góðs af verkum hans. Hann var eins og hann sagði sjálfur „bing-máður alls landsins“. Það voru ord að sönnu.

Það er engum blöðum um það að fletta að Ólafur Thors er einn minnisstæðasti og glæsilegasti persónuleiki sem komið hefur fram á stjórnálmasviðið á þessari öld. Hann hafði flest það til að bera, sem maður í þeiri stóðu sem hann gegndi þarf að hafa til þess að geta skilað svo glæustum árangri í lífsstarfi sínu. Hann var mikill drengskaparmaður, hafði viðkvæma lund og mætti ekker-aumt sjá öðruvísi en reyna að bæta þar um. Hjálpssemi hans var viðbrugði og þeir sem leituðu til hans fóru ekki bónleidir til búðar. Sem stjórnálaföringi var hann sérstæður persónuleiki sem ekki var hægt að komast hjá að taka eftir. Hann var gæddur þeim hæfileikum í fyllstum mæli, sem síkur maður þarf til þess að koma málum sínum fram. Mjög vel greindur, snarráður og samningslipur og gat laðað til sín ólikstu öfl og samstilti menn til átaka.

Hvar sem hann kom var hann hrókur alls fagnaðar, hreif áheyrendur sín með einstakri ræðumennsku og þar sem beita þurfti sérstökum rökum lagði hann málum fyrir með einföldum hætti, enda átti hann alls staðar áheyrendur og aðáendur.

Það er vissulega ekki á færi aírla-

kvenna að stand við hlið manns sem stendur í jafn ströngu allt sitt líf og Ólafur gerði. Hlutverki sínu skilaði frii Ingibjörg Thors, eiginkona Ólafs, með miklum ágætum hvort heldur var sem móðir barna þeirra eða eiginkona hins mikla stjórnálföringa. Eiginkonu sína mat Ólafur að verðleikum, enda var þáttur hennar að mikill í hinu far-sæla og árangursrika starfi hans. Frú Ingibjörg lífði að eiginmanni sínum látnum til ársins 1988.

Á aldarafmæli Ólafs Thors í dag,

Ólafi en ég, eru mér færari til þess að gera minningu hans skil við þetta tækifæri, þá taldi ég mér bæði ljúft og skylt að verða við tilmaelum um það að riðja upp í stuttu mál endur-minningar minar um kynni mína af Ólafi og samstarf við hann. Þetta samstarf var eðilega nánast þegar fyrir dyrum stóðu róttækjar aðgerðir í efnahagsmálum svo sem var þegar tillögur dr. Benjamíns Eirikssonar voru til meðferðar á þinginu 1949-50 og svo aftur þegar viðtæk löggið um efnahagsmál var sett í

Sjálfstæðisflokkurinn, hin svonefnda nýsköpunarstjórn sem Alþýðuflokkurinn og Sósfalistaflokkurinn áttu einnig aðild að, en Framsóknarflokkurinn var einn í stjórnarandstöðu. Meginverkefni þeirrar ríkisstjórnar skyldi einmitt vera það, að skipuleggja nauðsynlega endurnýjun og aukningu framleiðslutækjanna, þannig að bæði einkaðilum og opinberum aðilum er í slíkar framkvæmdir vildu ráðast, yrði séð fyrir nauðsynlegum lánum og gjald-eyri til slíks. Kosningar til Alþingis fóru fram sumarið 1946 og unnu flokkar þeir er að ríkisstjórninni stóðu yfirleitt að við kosningarnar, en eini stjórnarandstöðuflokkurinn, Framsóknarflokkurinn, tapaði fylgi. En haustið 1946 leiddi ágreiningur um utanríkismál til þess að stjórnarsamstarfið rofnaði.

Eftir fall ríkisstjórnarinnar var gerð tilraun um þess að koma að þjóðstjórn, p.e. ríkisstjórn, er allir 4 flokkarnir, er fulltrúa áttu þá á Alþingi, aettu aðild að. Samkomulag var um það í viðræðunefnd, er skipuð var af flokkunum og munu allir formenn flokkanna hafa átt sæti í þeirri nefnd, að ef þjóðstjórnin kæmist a fót, þá skyldi megin-áherzla það lögð í stjórn efnahagsmála að ljúka á sem skemmtum tíma þeim framkvæmdum, sem ólokið var á vegum nýsköpunarinnar. Var á vegum viðræðunefndar stjórnálaflokkanna skipuð nefnd fjoðurra hagfræðinga, sem gera átti tillögur um það hvernig hugsanlegt samkomulag stjórnálamannana um stefnu í efnahagsmálum yrði bezt framkvæmt. Í nefnd þessari áttu sæti auk undirritaðs, er skipaður var í hana af Sjálfstæðisflokknum, Gyli P. Gíslason fyrir Alþýðuflokkinn, Klemenz Tryggvason fyrir Framsóknarflokkinn, þótt hann mér vitalegla hafi aldrei verið flokksbundinn í þeim flokki, og Jónas Haraldr fyrir Sósfalistaflokkinn. Ekki náiðist samkomulag milli stjórnálamannana um myndun þjóðstjórnar, en eftir langt þóf var í febrúar 1947 mynduð priggja flokka stjórn undir forseti Stefáns Jóh. Stefánssonar og stóðu að henni Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur auk Alþýðuflokkurinn, en Sósfalistaflokkurinn varð þá einn í stjórnarandstöðu. Mun sérstaða flokkurinn í utanríkismálum hafa valdið þar mestu um fremur en ágreiningur um efnahagsmál. Hagfræðinganeftindin skilaði þó allt-þarlega álití til tillögum um það hvernig auðveldast yrði að framkvæma þá sameiginlegu stefnuyfirlysingu leiðtoga stjórnálaflokkanna að nýsköpunarframkvæmdum skylde lokið á sem skemmtum tíma. Ekki var þó sérstök ánægja með álitgerð okkar, enda mætti með réttu segja, að þar var gert ráð fyrir viðtækari höftum en áður höfðu þekkt, því að auk innflutningshaftanna var gert ráð fyrir viðtækum hömlum á fjárfestingum með því að koma a fót sérstakri stofnun sem gefa þyrfti leyfi til næra allra þeirra fjárfestinga, er einkaðilar eða opinberir aðilar óskuðu að stofna til. Hlaut þessi stofnun nafn-ð Fjárhagsráð er henni hafði verið komið a fót.

En þrátt fyrir óánægjuna með álit hagfræðinganeftindarinnar var það þó uppistaðan í þeirri efnahagsstefnu, sem fylgt var af hálfu þeirrar ríkisstjórnar, er nú tók við undir forseti Stefáns Jóh. Stefánssonar. Enda mun óánægja forystumannar þeirra stjórnálaflokkka, sem að nýsköpuninni stóðu ekki hafa beinst að þeim tillögum, sem við gerðum heldur að úttekt þeirri sem við gerð-



Formaður Sjálfstæðisflokkurinn á fundaré um landið.

19. janúar 1992, viljum við vinir og samherjar og ég veit reyndar miklu fleiri minnast þeirra hjóna, frú Ingibjargar og Ólafs Thors, með virðingu og pakklæti.

Sjálfstæðismenn í Reykjavíkum kjördæmi minnast ómetanlegra starfa hans og forystu.

Á meðan í þjóð vorri býr dugur og drengskapur verður Ólafur Thors og verka hans ævinlega minnst.

Matthías Á. Mathiesen

SÁ ER þetta ritar kynntist Ólafi Thors persónulega ekki fyrir en laust fyrir 1950, þegar mjög var tekið að líða á starfsferil hans. Þessi kynni hófust fyrst að ráði þegar Ólafur fól mér, sem forsætisráðherra í minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokkurinn, er sat að völdum í 3 mánuðum veturinn 1949-50, að vinna með dr. Benjamínum Eiríkssyni að samningum frumvarpus um viðtækar efnahagsráðstafanir, sem stjórnin lagði fyrir Alþingi í febrúar 1950 og var það síðan samþykkt með nokkrum breytingum eftir að samningum fóru fram með ríkisstjórninni. Þegar striðinu lauk áttu Íslendingar miklar gjaldeyrissinnistæður í erlendum bönkum, þannig að hægt hefði þa verið að draga úr innflutningshöftunum eða jafnvæli afnema þau með öllu. En íslenskir stjórnálaleiðtoga voru þá samnála um það, að svo brýna nauðsyn bæri til þess að endurnýja þau framleiðslutæki landsmannna sem mjög höfðu gengið úr sér á striðsárunum að binda yrði verulegum hluta gjaldeyrisfordans í því skyni, en takmarka að sama skapi aukningu neyzluvöruinnflutnings.

Haustið 1944 var mynduð undir forseti Ólafs Thors, formanns

um um gjaldeyrisstöðuna, en þar vorum við svartsýnni en þeir höfðu verið í kosningabaráttu þeirri, er þá hafði verið háð fyrir nokkrum mánuðum. Íví miður, vil ég segja, reyndumst við sannspáir, þannig að vorið 1947 var svo komið, að gjaldeyrisfordinn var genginn til burðar, þannig að annar gjaldeyrir en sá, er fókkt fyrir útflutning, var ekki til ráðstöfunar, nema stofnað yrði til erlendra skulda, sem ekki var talid koma til greina á þeim tíma.

tíma, að engin skilyrði voru þá fyrir því, hvorki stjórnmálag og varla efnahagsleg heldur, að koma hér á fót frjálsri utanríkisverzln.

Þetta breyttist þó smárn saman á næstu tveimur árum. Hin ströngu höft, sem frá og með árinu 1947 var beitt bæði hvað snerti fjárfestingu og innflutning neyzluvöru, voru nú tekin að valda almenningi tilfinnanlegum óþægindum. Tekin hafði verið upp strangari og viðtækari skömmun neyzluvöru en þekkt hafði á stríðsárunum. En auk óþæg-

breyzt í hag þeirri stefnu, að taka upp frjálsari verzunarviðskipti, þar sem sú stefna ruddi sér nú til rúms í ríkara mæli meðal þeirra þjóða sem við áttum mest viðskipti við en verið hafði fyrstu 2-3 árin eftir styrjaldarlok.

Það hafði svo ómetanlegt gildi til framdráttar stefnubreytingunni í átt til frjálsari viðskipta, þegar ríkisstjórnin að frumkvædi Bjarna Benediktssonar óskaði eftir því vorið 1949, að dr. Benjamín Eiríksson, er þá gegndi störfum sem sérfræð-


leiðslunnar hafði þegar haustið 1946 verið gripið til þess úrrædis, að ríkið ábyrgðist tiltekið lágmarksverð á útflutnum sjávarafurðum og hélst sú skipan í rúnlega 3 ár. Þar sem bilið milli þess verðs er ríkisjóður ábyrgðist og afurðaverðsins á erlendum markaði fór vaxandi voru útgjöld ríkisins vegna útflutningsbóta einnig vaxandi. Um áramót 1949-50 fóru útvegsmenn fram á verulega hækkan ríkisábyrgðarinnar. Hesfðu miklar skattahækkanir þá orðið nauðsynlegar til þess

mitt væri fyrst og fremst að vera tengiliður milli Benjamíns og þingfloksins. Við tókum þegar til starfa eftir að Benjamín var kominn til landsins og unnum ósleitlega að verkefninu þar til því lauk snemma í febrúar. Tóku Ólafur og Bjarni Benediktsson virkan þátt í starfi okkar, enda hlaut það að koma í þeirra hlut að tala fyrir frumvarpi því er unnið var að að semja. Slikt starf hlaut audvítad jöfnum höndum að vera stjórnmálalegs og fræðilegs edlis. Ólafur og Bjarni voru báðir vinnubjarkar miklir og man ég eftir því að þeir kvöddu okkur Benjamín á fund sinn í stjórnarráðinu á jólalögum 1949.

Eins og ég áður gat um var það fyrst við þetta tækifaði að ég kynntist Ólafi Thors persónulega að ráði. Hann sýndi starfi okkar Benjamíns mikinn áhuga og fyrir kom að hann kvaddi okkur, annan hvorn eða báða, til skrafs og ráðagerða á heimili sínu. Það var skemmtileg upplifun, að kynnast þannig ljófmennsku hans og höfðingsskap á heimili hans. Ólafur var maður mjög greiðvikinn og örlatur. Það var ekki nóg að hann og Ingibjörg kona hans veitti gestum sínum af mikilli rausn, heldur þurfti við það að bæta einhverri smágið að skilnaði, svo sem leikhúsmiðum eða þess háttar. Mér þykir ólíklegt, að Ólafur hafi nokkurn tíma óróð ríkur maður, þótt hann væri lengst af starfsævi sinnar í vellaunuðum stöðum.

Ekki veit ég, hvort Ólafi hafi nokkurn tíma verið efnahagsmál eða hagfræði hugleikin. Mig minnir að hann hafi einhvern tíma sagt mér, að ef hann hefði farið í langskólanám, þá hefði hann helzt getað hugsað sér að leggja stund á lögfræði. En hann bar mikla virðingu fyrir hagfræðilegri sérþekkingu, aldrei varð ég a.m.k. annars var. Má vera að hér hafi að nokkru verið um áhrif að ræða frá Jóni Pörlakssyni, fyrirrennara hans sem formaður Sjálfstæðisfloksins, en Jón hafði sem kunnugt er mikinn áhuga fyrir hagfræðilegum viðfangsefnum og mun hafa eytt mikluum tíma í að kynna sér þau mál. En Ólafur bar mikla virðingu fyrir fyrirrennara sínum. „Ef rafmagnið bilar hjá mér,“ sagði Ólafur eitt sinn við mig, „þá saeki ég rafvirkja en ekki þig.“ Ég man lika eftir því, að einhvern tímann þegar við Ólafur töludum saman lét hann í ljósi mikla hneykslun á persónulegum árásum Þjóðviljans á Benjamín Eiríksson. Taldi hann slíkt sídeleysi, því hann sagði: „Benjamín er fræðimaður og hans skoðanir ber að hrekja með fræðilegum rökum séu menn þeim ósammála, en ekki með persónunnið.“ Svo batti hann við: „En með þig gegnir öðru mál, þú eri virkur aðili að stjórnmálam og verður að sætta þig við það að andstæðingarnir litu á þig sem spýtabukur.“

